



**Viðtakandi:** Mannréttindaráð

**Sendandi:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 27. apríl 2026

Málsnúmer: MSS25010076

## UMSÖGN

### Úttekt á kynþátta- og menningarfordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttindaráðs þann 26. febrúar 2026, var samþykkt að vísa tillögum að aðgerðum í úttekt á kynþátta- og menningarfordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar, til umsagnar og kostnaðarmats til mannauðs- og starfsumhverfissviðs og mannréttindaskrifstofu. Óskað var umsagnar mannauðs- og starfsumhverfissviðs (MOS) með bréfi mannréttindaskrifstofu, dags. 27. febrúar sl.

Að höfðu samráði við mannréttindaskrifstofu er það mat MOS rétt sé að vísa tillögum 4-7 til MOS til frekari útfærslu en tillögu 8 til MOS og mannréttindaskrifstofu sameiginlega.

Í mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar 2026-2035 er lögð áhersla á að þróa sterka menningu hjá Reykjavíkurborg sem vinnustað, þar sem fjölbreytt fólk vinnur saman þvert á borgina við að veita framúrskarandi þjónustu og ná sameiginlegum árangri. Í stefnunni segir að mikið sé lagt upp úr jafnrétti, valdeflingu, inngildingu og jafnræði, að allt starfsfólk upplifi sig metið að verðleikum og að framlag þess skipti máli. Tillögur að aðgerðum 4-7 í úttektinni varða aðferðir og leiðir til að taka á fordómum, mismunun og hatursorðræðu, auðvelda starfsfólki Reykjavíkurborgar að tilkynna kynþátta- og menningarfordóma og mismunun tengda þeim, móta verklag og verkferla og auka upplýsingaflæði til starfsfólks, s.s. um hvernig tilkynna eigi slík mál. Eru þetta allt aðgerðir sem falla að megináherslum mannauðsstefunnar.

Að mati MOS er rétt að á vettvangi sviðsins fari fram fari ítarlegri greining heldur en fram kemur í úttektinni á því hvort rétt sé að fella tilkynningar og meðferð mála undir EKKÓ feril borgarinnar eða færa slík mál í annan tryggan farveg til að ná fram þeim markmiðum sem úttektin greinir. Einnig er ljóst að leggja þarf frekara mat á þann kostnað sem kann að verða við framkvæmd tillagnanna og fer það eftir útfærslu þeirra, m.a. tæknilega, hvort þær rúmast innan fjárheimilda MOS.

Virðingarfyllst,

Lóa Birna Birgisdóttir  
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs